

## Árni Davíðsson

---

**From:** Konráð Konráðsson <konrad.konradsson@mast.is>  
**Sent:** fimmtudagur, 18. júní 2020 15:10  
**To:** Árni Davíðsson  
**Cc:** Jón Sveinsson; Elín Bergsdóttir; Nanna Elísabet Eddudóttir  
**Subject:** RE: Beiðni um umsögn um hundageymslu Egilsmóum 12 í Mosfellsbæ

Góðan daginn.

Starfsemin sem um ræðir er ekki leyfisskyld en hins vegar tilkynningarskyld til Matvælastofnunar. Reglulegt eftirlit stofnunarinnar með starfseminni snýr fyrst og fremst að velferð hundanna og skal vera samkvæmt lögum nr. 55/2013 um velferð dýra og reglugerð nr. 80/2016 um velferð gæludýra. Matvælastofnun kemur ekki að öðru leyti að starfsemi sem þessari. Umrædd starfsemi hefur þegar verið tilkynnt til stofnunarinnar.

Hjálagt er slóð á lög um velferð dýra og reglugerð um velferð dýra.

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013055.html?design=true>  
<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/atvinnuvega--og-nyskopunarraduneyti/nr/0080-2016>

Með kveðju,  
Konráð Konráðsson

Héraðsdýralæknir Suðvesturumdæmis/ District Veterinary Officer  
Dýraheilsa/Animal Health and Welfare



Matvælastofnun / Icelandic Food And Veterinary Authority  
Dalshrauni 1b – 220 Hafnarfjörður  
Sími/tel: (+354) 530 4800 – Fax : (+354) 530 4801 – [www.mast.is](http://www.mast.is)

---

**From:** Árni Davíðsson  
**Sent:** 15.06.2020 14:52:26  
**To:** Matvælastofnun  
**Subject:** Beiðni um umsögn um hundageymslu Egilsmóum 12 í Mosfellsbæ

Sæl

Heilbrigðiseftirlitið óskar eftir umsögn Matvælastofnunar um neðangreinda umsókn á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins með tilliti til dýraverndarsjónarmiða og annarra sjónarmiða sem eru á forræði Matvælastofnunar.

<https://www.eftirlit.is/index.php?pid=211>

**Starfsleyfi í auglýsingu**

- Þann 20. maí 2020 sækir Claire Thuilliez f.h. Dogsledding Iceland ehf. um nýtt starfsleyfi fyrir hundageymslu að Egilsmóum 12 í Mosfellsdal í Mosfellsbæ. Hundageymslan er fyrir 50 sleðahunda sem eru notaðir í hundasleðaferðir fyrir ferðamenn. Fylgigögn með umsókn er [bréf til íbúa](#). Það er auglýst samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Fyrirhugað leyfi er auglýst með [almennum starfsleyfis skilyrðum](#) fyrir mengandi starfsemi. Starfsleyfið er í auglýsingu frá 20. maí til 16. júní.

kveðja

Árni Davíðsson heilbrigðisfulltrúi

Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis

Þverholti 2

270 Mosfellsbær

sími 525 6797

[www.eftirlit.is](http://www.eftirlit.is)

Starfssvæði: Mosfellsbær, Seltjarnarnesbær, Kjósarhreppur.